

Lög Parkinsonsamtakanna

Núgildandi grein	1 Grein: Nafn, Heimili og aðild
Nafn samtakanna er Parkinsonsamtökin á Íslandi, hér eftir nefnt Parkinsonsamtökin. Heimili og varnarþing Parkinsonsamtakanna er í Hafnarfirði. Samtökin eru aðili að Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) og skráð í Almannaheillafélagaskrá samkvæmt lögum nr. 110/2021. Parkinsonsamtökin geta átt aðild að samtökum, innlendum eða erlendum samkvæmt tillögu stjórnar og þarf slík tillaga að hljóta samþykki aðalfundar til að öðlast gildi.	
Tillaga	1 Grein: Nafn, Heimili og aðild
Óbreytt	

Núgildandi grein	2 grein. Tilgangur
Tilgangur samtakanna er að stuðla að auknum lífsgæðum fyrir fólk með parkinsonsjúkdóm, parkinsonskylda sjúkdóma og fjölskyldur þeirra með því m.a. að: <ul style="list-style-type: none">• þau fái þá heilbrigðisþjónustu og félagslegu aðstoð sem nauðsynleg er.• Standa vörð um réttindi og hagsmuni.• Veita fræðslu og miðla upplýsingum.• Vera vettvangur umræðu fyrir félagsfólk til gagnkvæms stuðnings.• Stuðla að rannsóknum og aukinni þekkingu á sjúkdómnum og möguleikum á meðferð við honum.• halda reglulega félagsfundi til skemmtunar og fræðslu.	
Tillaga	2 grein. Tilgangur
Óbreytt	

Núgildandi grein	3. grein: Starfsemi Parkinsonsamtakanna
<p>Starfsemi Parkinsonsamtakanna skiptist þannig:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Heilbrigðisþjónusta • Sjúkraþjálfun • Félagsstarf <p>Stjórn, framkvæmdastjóri og forstöðumaður Takts eru faglega og fjárhagslega ábyrg fyrir rekstri félagsins.</p> <p>Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna framangreindrar starfsemi aðgreindum í bókhaldi. Rekstur starfseininga skal sýndur sérstaklega í ársreikningi félagsins.</p>	
Tillaga	3. grein: Starfsemi Parkinsonsamtakanna
<p>Starfsemi Parkinsonsamtakanna skiptist þannig:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þróun og uppbygging starfsemi Parkinsonsamtakanna. • Annast félagsstarf fyrir félagsmenn sína. • Fylgjast með og styðja við starfsemi Takts með kostaðri þjónustu og styrkjum. • Fylgja eftir húsaleigusamningum og samningum um rekstur húsnæðis gagnvart leigusölum og leigutökum. • Annast rekstur leiguhúsnæðisins. • Erlend samskipti <p>Parkinsonsamtökin hafa stofnað Takt endurhæfingu Parkinsonsamtakanna og lagt fram stofnfé að upphæð 1.500.000 kr.</p> <p>Markmið Takts er að veita endurhæfingu, fræðslu, ráðgjöf og stuðning fyrir fólk með parkinson og skylda sjúkdóma og aðstandendur þeirra.</p>	

Núgildandi grein	4. grein: Félagar í Parkinsonsamtökunum
<p>Félagar í Parkinsonsamtökunum er fólk með parkinsonsjúkdóm eða fólk með parkinsonskylda sjúkdóma, aðstandendur þeirra og aðrir sem áhuga hafa á málefnum samtakanna og/eða vilja styðja við samtökin, óháð búsetu</p>	
Tillaga	4. grein: Félagar í Parkinsonsamtökunum
Óbreytt	

Núgildandi grein	5. grein: Deildir innan Parkinsonsamtakanna
<ul style="list-style-type: none"> • Innan Parkinsonsamtakanna geta starfað deildir eftir búsetu. Í hverri deild þurfa að vera að lágmarki 10 félagar. • Ekki getur verið nema ein deild í hverju bæjar- eða sveitarfélagi, en starfssvæði deildar getur náð yfir fleira en eitt sveitarfélag. Allir félagsmenn í Parkinsonsamtökunum geta tekið þátt í starfi deildanna. • Félagsmenn í deildum eru jafnframt félagsmenn í Parkinsonsamtökunum og hafa kjörgengi og kosningarétt á aðalfundi Parkinsonsamtakanna. • Þar sem ekki eru starfandi deildir standa Parkinsonsamtökin vörð um réttindi og hagsmuni parkinsongreindra. • Stuðningshópar geta verið starfandi innan Parkinsonsamtakanna og deilda. 	

Tillaga	5. grein: Deildir innan Parkinsonsamtakanna
Óbreytt	

Núgildandi grein	6. grein: Stofnun deilda
Félagsmenn geta sótt um að stofna deild innan samtakanna með því að senda beiðni til stjórnar Parkinsonsamtakanna með minnst 30 daga fyrirvara fyrir aðalfund Parkinsonsamtakanna. Með beiðninni skal fylgja afrit af lögum deildarinnar, ásamt upplýsingum um stjórn og skrá yfir félagsmenn sem tilheyra deildinni. Aðalfundur Parkinsonsamtakanna þarf að samþykka beiðni um nýstofnaða deild að tillögu stjórnar.	
Tillaga	6. grein: Stofnun deilda
Óbreytt	

Núgildandi grein	7 grein: Skýrslur, aðalfundur og innheimta félagsgjalda deilda
Deildirnar skulu fyrir lok febrúar ár hvert senda stjórn Parkinsonsamtakanna skýrslu um starfsemi þeirra fyrir nýliðið ár, rekstrarreikning þess árs og fjárhagsstöðu í lok ársins, ásamt uppfærðu félagatali eins og það stóð 1. janúar sama ár. Deildirnar skulu halda aðalfund árlega og kjósa sér stjórn (lágmark þrjá stjórnarmenn) og skal tilkynning um stjórnarkjörið berast stjórn Parkinsonsamtakanna innan mánaðar frá aðalfundi deildarinnar. Parkinsonsamtökin annast innheimtu félagsgjalda fyrir deildirnar. Umsýslugjald deildanna til Parkinsonsamtakanna skal miðast við ákveðið hlutfall af árgjaldi félagsmanna deildanna hverju sinni og skal hlutfallið ákvarðað á aðalfundi Parkinsonsamtakanna samhliða ákvörðun um félagsgjöld fyrir yfirstandandi ár. Parkinsonsamtökin greiða félagsgjöldin til deildanna, að undanskildu umsýslugjaldi, fyrir lok aprílmánaðar og skal miða við fjölda skuldlausra félagsmanna í hverri deild 1. janúar sama ár.	
Tillaga	7. grein: Skýrslur, aðalfundur og innheimta félagsgjalda deilda
Óbreytt	

Núgildandi grein	8. grein: Nánar um deildir
<ol style="list-style-type: none"> a. Í nafni deildar þarf að koma fram heitið Parkinson og starfssvæði hennar. b. Deildunum er heimilt að starfrækja stuðningshópa innan síns starfssvæðis. c. Hver deild skal starfa að málefnum fólks með Parkinson á sínu starfssvæði. Að öðru leyti hafa deildirnar frjálsar hendur um sín innri mál og starf, en þurfa að starfa innan þessara laga Parkinsonsamtakanna ásamt samþykktum aðalfunda og stjórnar samtakanna. Samstarf er um sameiginleg verkefni Parkinsonsamtakanna. d. Einstakar deildir geta sótt um styrk til Parkinsonsamtakanna vegna sérstakra verkefna. e. Deildirnar hafa sjálfstæðan fjárhag og bera Parkinsonsamtökin ekki ábyrgð á fjárhag þeirra. 	

- f. Parkinsonsamtökin og einstakar deildir gera með sér samstarfssamning um þjónustu, upplýsingamál, sameiginleg hagsmunamál og kostnaðarskiptingu vegna þessa.
- g. Ef deild hættir störfum er ekki heimilt að ráðstafa eignum deildarinnar án samráðs við stjórn Parkinsonsamtakanna.

Tillaga

8. grein: Nánar um deildir

Óbreytt

Núgildandi grein

9. grein: Aðalfundur Parkinsonsamtakanna

Aðalfundur Parkinsonsamtakanna fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert eftir ákvörðun stjórnar og velur stjórn fundarstað hverju sinni. Til aðalfundar skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara bréflaga eða með tölvupósti til félagsmanna eða með auglýsingu í dagblöðum. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá aðalfundar.

Með kjörgengi og kosningarétt á aðalfundi Parkinsonsamtakanna fara þeir félagsmenn sem eru skuldlausir um gjaldfallin félagsgjöld við samtökin og eru orðnir 18 ára á degi aðalfundar.

Á aðalfundi hefur hver skuldlaus félagi 1 atkvæði. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Tillaga

9. grein: Aðalfundur Parkinsonsamtakanna

Óbreytt

Núgildandi grein

10. grein: Aðalfundur Parkinsonsamtakanna - dagskrá

Stjórn Parkinsonsamtakanna gerir tillögu að dagskrá aðalfundar og skal hún lögð fram og samþykkt í upphafi aðalfundar. Eftirfarandi dagskrárlíðir skulu a.m.k. vera á dagskrá allra aðalfunda:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf samtakanna á liðnu ári lögð fram.
3. Endurskoðaðir reikningar samtakanna lagðir fram.
4. Umræður og afgreiðsla skýrslu stjórnar og reikninga.
5. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár kynnt, rædd og afgreidd.
6. Ákvörðun um árgjöld og umsýslugjald deilda.
7. Lagabreytingar.
8. Inntaka nýrra deilda.
9. Stjórnarkjör.
10. Kjör 2ja skoðunarmanna reikninga.
11. Kjör 3ja manna í laganefnd.
12. Önnur mál.

Tillaga

10. grein: Aðalfundur Parkinsonsamtakanna - dagskrá

Stjórn Parkinsonsamtakanna gerir tillögu að dagskrá aðalfundar og skal hún lögð fram og samþykkt í upphafi aðalfundar. Eftirfarandi dagskrárlíðir skulu a.m.k. vera á dagskrá allra aðalfunda:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf samtakanna á liðnu ári lögð fram.
3. Skýrsla Takts um starfsemina kynnt.
4. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar.
5. Umræður og afgreiðsla skýrslu stjórnar og reikninga.
6. Fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.
7. Ákvörðun um árgjöld og umsýslugjald deilda.
8. Lagabreytingar.
9. Inntaka nýrra deilda.
10. Stjórnarkjör.
11. Kjör 2ja skoðunarmanna reikninga.
12. Kjör 3ja manna í laganefnd.
13. Önnur mál.

Núgildandi grein	11 grein: Stjórn Parkinsonsamtakanna
<p>Stjórn samtakanna skipa 5 menn og 2 til vara. Á hverjum aðalfundi er kosinn formaður til eins árs og tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Varamenn skulu kosnir til eins árs. Stjórnin skiptir með sér verkum, kýs sér varaformann, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Formaður boðar til stjórnarfunda eins oft og þurfa þykir en þó skulu fundir aldrei vera færri en fjórir á ári. Halda skal stjórnarfund ef minnst tveir stjórnarmenn óska eftir því. Stjórnin er ályktunarhæf þegar minnst þrjú stjórnarmenn eru mættir á stjórnarfund. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðunum á stjórnarfundi en ef atkvæði eru jöfn er tillagan fallin.</p> <p>Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi samtakanna milli aðalfunda og skal starfa í samræmi við samþykktir hans. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið samtökin fjárhagslega, án samþykkis félagsfundar, á grundvelli bókaðrar samþykktar meirihluta stjórnar, að fjárhæð sem nemur 2ja ára árgjöldum.</p> <p>Stjórnin skipar 3 menn á aðalfund ÖBÍ og 3 til vara.</p>	
Tillaga	11. grein: Stjórn Parkinsonsamtakanna
<p>Stjórn samtakanna skipa 5 menn og 2 til vara. Á hverjum aðalfundi er kosinn formaður til eins árs og tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Varamenn skulu kosnir til eins árs. Stjórnin skiptir með sér verkum, kýs sér varaformann, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Formaður boðar til stjórnarfunda eins oft og þurfa þykir en þó skulu fundir aldrei vera færri en fjórir á ári. Halda skal stjórnarfund ef minnst tveir stjórnarmenn óska eftir því. Stjórnin er ályktunarhæf þegar minnst þrjú stjórnarmenn eru mættir á stjórnarfund. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðunum á stjórnarfundi en ef atkvæði eru jöfn er tillagan fallin.</p> <p>Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi samtakanna milli aðalfunda og skal starfa í samræmi við samþykktir hans. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið samtökin fjárhagslega, án samþykkis félagsfundar, á grundvelli bókaðrar samþykktar meirihluta stjórnar, að fjárhæð sem nemur 2ja ára árgjöldum.</p> <p>Stjórnin skipar einn fulltrúa í stjórn Takts.</p> <p>Stjórnin skipar 3 menn á aðalfund ÖBÍ og 3 til vara.</p>	

Núgildandi grein	12 grein: Félagsfundir
Boða skal til félagsfundar svo fljótt sem unnt er ef formaður, meirihluti stjórnar eða a.m.k. fimmtungur félagsmanna krefst þess skriflega og leggur fram tillögu að dagskrá.	
Tillaga	12 grein: Félagsfundir
Óbreytt	

Núgildandi grein	13. grein: Starfstímabil
Reikningsár samtakanna er almanaksárið, reikningar skulu endurskoðaðir af 2 skoðunarmönnum sem kosnir voru á aðalfundi.	
Tillaga	13. grein: Starfstímabil
Óbreytt	

Núgildandi grein	14. grein: Laganefnd
Laganefnd sem kosin hefur verið á aðalfundi skal veita umsögn um tillögur að lagabreytingum sem fram koma til aðalfundar. Laganefnd og stjórn getur einnig komið fram með tillögur til lagabreytinga til aðalfundar.	
Tillaga	14. grein: Laganefnd
Laganefnd sem kosin hefur verið á aðalfundi skal veita umsögn um tillögur að lagabreytingum sem fram koma til aðalfundar. Laganefnd og stjórn getur einnig komið fram með tillögur til lagabreytinga til aðalfundar.	
Laganefnd fjallar ekki um lagabreytingar á samþykktum Takts.	

Núgildandi grein	15. grein: Lagabreytingar
Lögum samtakanna má breyta á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta fundarmanna enda hafi í upphafi fundar verið kannað um lögmæti fundarins. Tillögur til lagabreytinga skal senda til stjórnar fyrir 1. febrúar og skal stjórnin senda þær til félagsmanna með aðalfundarboði ásamt umsögn laganefndar.	
Tillaga	15 grein: Lagabreytingar
Óbreytt	

Núgildandi grein	16 grein: Slit
Komi fram tillaga um slit Parkinsonsamtakanna skal farið með hana eins og lagabreytingartillögu. Þó fæst hún eigi afgreidd nema a.m.k. fimmtungur félagsmanna mæti á aðalfund. Ef ekki er tilskilin fundarsókn skal boða til framhaldsaðalfundar um tillöguna innan 1 mánaðar. Sá fundur getur afgreitt tillöguna án tilskilins fjölda fundarmanna. Verði samtökin lögð niður skal á sama fundi ráðstafa eignum þeirra í samræmi við tilgang samtakanna.	
Tillaga	16 grein: Slit
Óbreytt	

Núgildandi grein	17. grein: Gildistími laga
Lög þessi eru samþykkt á aðalfundi Parkinsonsamtakanna 31. mars 2022 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Parkinsonsamtakanna.	
Tillaga	17. grein: Gildistími laga
Lög þessi eru samþykkt á aðalfundi Parkinsonsamtakanna 21. mars 2023 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Parkinsonsamtakanna.	